

Umhverfissvottaðar byggingar - boð um kynningu á viðmiðum Svansins fyrir grunn- og leikskóla.

Til : Gunnar Einarsson
Frá : Birna Ágústsdóttir
CC : Hildur Benediktsdóttir
Heiti : Umhverfissvottaðar byggingar - boð um kynningu á viðmiðum Svansins fyrir grunn- og leikskóla.
Málsnúmer : 1902197
Málsaðili : Umhverfisstofnun
Skráð dags : 14.02.2019 14:58:46
Höfundur : Umhverfisstofnun
Viðhengi : [image001.png](#)

From: Þórunn Karlsdóttir **On Behalf Of** Kristín L. Árnadóttir

Sent: fimmtudagur, 14. febrúar 2019 13:35

To: Garðabær

Subject: Berist Gunnari Einarssyni - Umhverfissvottaðar byggingar

Góðan dag,

Við hjá Umhverfisstofnun höldum utan um Svaninn sem er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og hefur áhugi á að umhverfissvotta nýbyggingar aukist undanfarin ár.

Bygging fyrsta Svansvottaða hússins lauk haustið 2017 og er stefnt að því að klára byggingu fjölbýlishúss sem verður Svansvottað á næstu mánuðum. Í báðum tilfellum er um einkaframkvæmdir að ræða og hefur gengið vonum frammar að fá alla, arkitekta, verkfræðistofur og verktaka, til að vinna saman að þessu mikilvæga málefni. Á síðasta ári barst stofnuninni fyrsta umsókn um Svansvottun á endurbótum, en um er að ræða skrifstofurými Umhverfisstofnunar og fer það verkefni vel af stað og vill stofnunin með þessu sýna gott fordæmi.

Almennt séð eyða Íslendingar 90% tíma sínum innandyra og skipta gæði innivistar því miklu máli, einnig er aukið áhersla á mikilvægi efnisvals og áhrifum þess á innivist. Umhverfissvottanir taka á þessum þáttum og fleirum, sem dæmi má nefna hljóðvist, dagljós, orkusparnað og minni sóun, sem leiðir til lægri kostnaðar og lágmarkar umhverfisáhrif.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að umhverfissvottaðir skólar eru með merkjanlegra lægra magn af óæskilegum efnum í innilofti en aðrar sambærilegar byggingar, en börn eru viðkvæmur hópur og því sérstaklega mikilvægt að umhverfi þeirra sé eins heilsusamlegt og hægt er. Það er auk þess mikilvægt að opinberir aðilar og sveitafélög sýni fordæmi í þessum málum, enda er kaupmáttur opinberra aðila mikill.

Við hjá Svaninum viljum í ljósi þessa bjóða ykkar sveitafélagi að fá kynningu á viðmiðum Svansins fyrir grunn- og leikskóla.

Bestu kveðjur, Best regards

Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri, General Director



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: <http://www.ust.is>

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: <http://www.ust.is/disclaimer>

